

Alþingi
Erindi nr. P 143/47
komudagur 28.10.2013

Reykjavík 25. október 2013



Nefndasvið Alþingis

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangshheimildir), 24. mál.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár. Athugasemdir Fíh beinast aðallega að inntaki 3. mgr. 14. greinar laga um sjúkraskrár nr. 55/2009 og þar með einnig 2. gr. frumvarpsins sem hér um ræðir.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

2. gr. Fíh telur ekki rétt að hægt sé að meina sjúklingsi aðgang að eigin sjúkraskrá eða umboðsmanni hans sé talið að það **þjóni ekki hagsmunum hans.**

2. gr. hljóði svo.

- a. 3. mgr. fellur brott.
- b. 5. mgr. fellur brott.

Rök: Nánari skýringu er ekki að finna í lögnum um hver skuli meta það hvort aðgangurinn þjóni hagsmunum sjúklingsins né á hvaða forsendum slíkt mat fari fram. Í reglugerð nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál með áorðnum breytingum skv. reglugerð nr. 545/1995, kemur fram í 14. gr. að ef lækni telji að það þjóni ekki hagsmunum sjúklingsins að fá aðgang skuli hann án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu. Hvergi er að finna í reglugerðinni hvaða ástæður eða út frá hverju skuli metið hvort það þjóni tilgangi eða ekki að veita sjúklingsi áður nefndan aðgang að eigin sjúkraskrá. Það að *þjóna ekki tilgangi* í þessu samhengi er óskilgreint og getur haft hamlandi áhrif á rétt sjúklings og jafnvel verið misnotað til verndar öðrum hagsmunum en viðkomandi sjúklings. Auk þess sem slík forsjarhyggja ekki í takt við nútímann.

4.gr. hljóði svo.

Réttur til að bera synjun um aðgang að sjúkraskrá undir embætti landlæknis.

Heimilt er að bera synjun umsjónaraðila sjúkraskrár um að veita nánnum aðstandanda aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings eða synjun um að fá afhent afrit af henni undir embætti landlæknis. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Ákvarðanir embættisins um aðgang að sjúkraskrá eru endanlegar á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.

Rök. Breyting í framhaldi af breytingum á 2. gr.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Ólafur G. Skúlason, formaður